

Den fantastiske bus

(Undrarútan, Kristjánsson, Mál og menning, 2025)

Höfundur texta og mynda: Jakob Martin Strid (Danmörku)

Gyldendal, 2023

Tilnefnd til Barna- og unglingabókaverðlauna Norðurlandaráðs 2024

Söguþráður: Í Den fantastiske bus segir frá vinahópi sem bregst við þegar vinur þeirra veikist. Þau halda af stað í óvenjulegri rútu í langa ferð til töfralandsins Balanka þar sem ótrúlegar verur verða á vegi þeirra og þau finna blóm sem hafa lækningamátt.

Efnisorð: töfrar, ímyndunarafl, ferðalag, vinátta, dystópía, veikindi

Samtöl og leikur:

SKOÐA-LESA með yngstu börnunum

Skoðið bókarkápuna. Hvað sjáið þið þar? Hversu mörg dýr eru í rútunni? Þekkið þið dýrin? Hvað eru dýrin að gera?

Um hvað haldið þið að bókin fjalli?

Hvernig myndi ævintýrarútan ykkar líta út? Hvert mynduð þið fara í ævintýrarútunni?

LEIKSKÓLABÖRN

1. Hvaða dýr eru í sögunni?

2. Hvað finnst þér um rútuna? Hvernig myndi ævintýrarútan þín líta út? Hvað á rútan að geta gert? Hvert myndir þú fara í rútunni? Hver færir með? Hver stýrir rútunni?

3. Notaðu ímyndunaraflið og búðu til mynd af ævintýrarútu.

4. Skoðaðu opnuna á blaðsíðu 10 og 12 þar sem við sjáum heimili sögupersónanna. Hvernig er heimilið þeirra? Hvað eru dýrin að gera heima hjá sér?

BÖRN KOMIN Á SKÓLAALDUR

1. Í upphafi sögunnar er dróni. Til hvers notum við dróna?



2. Frú Friby hefur áhyggjur af því að Timo litla verði ekki nógu hlýtt hjá henni vegna þess að hann er spendýr en hún skriðdýr. Hver er munurinn á spendýrum og skriðdýrum?

3. Skoðið persónurnar á bls. 11 og ræðið saman um hvaða dýr sögupersónurnar eru.

4. Búið er að rífa húsið hans Lucasar og Tolstoj býður honum að flytja heim til sín. Myndir þú bjóða vini þínum að flytja heim til þín ef hann væri í vandræðum?

5. Í bókinni er mikið talað um vináttu. Geturðu fundið nokkur dæmi?

6. Ímyndaðu þér að þú eigir að hanna ævintýrarútu fyrir þig og vini þína. Hvernig myndi hún líta út? Þú getur til dæmis sótt hugmyndir á bls. 26, 54 og 56 og velt fyrir þér hvaða hlutir eigi að vera á rútunni (vél, dekk, hæðir, vængir o.fl.). Gerðu skissu af rútunni og öllum hlutum. Hefur rútan þín einhverja sérstaka eiginleika? Getur hún keyrt í alls konar veðri? Hvað á rútan þín að geta gert?

7. Málaðu mjólkur- eða djúsfarnu svo hún líkist ævintýrarútunni þinni. Klípptu út dyr og glugga og skreyttu rútuna með alls konar litum og föndurdóti!

BÖRN SEM LESA SJÁLF

1. Hvernig fannst ykkur bókin? Minnst hún á aðrar sögur sem þið hafið lesið?

2. Hvað gerðist í Ahnstarr City? Hvernig finnst ykkur borgin?

3. Hvernig myndir þú eiga samskipti án netsins?

4. Vinirnir fara að leita að saffranliljum sem geta læknað Tímo. Þekkið þið önnur blóm eða jurtir sem geta læknað fólk? Hvar er yfirleitt hægt að finna jurtir sem geta læknað sjúkdóma?

5. Hvað myndir þú gera ef vinur þinn veiktist og þyrfti á hjálp að halda?

6. Hvað er geislavirkni?

7. Skoðið opnuna á bls. 152-155. Ræðið saman um það sem þið sjáið á myndunum. Hvað minna guðirnir ykkur á?

8. Skoðið blaðsíðu 180 og ræðið hvernig tónlist getur fengið blóm til að spretna.

9. Persónurnar sem þú kynnist í bókinni eru veikar, fátækar og heimilislausar. Ræðið saman um þetta og finnið lausnir á vandamálum vinanna í bókinni.

10. Vinnið í hópum og búið til teiknimyndasögu með ævintýrarútu. Þið getið jafnvel notað það sem þið rædduð í fyrra verkefninu og hannað rútuna út frá því. Veltið fyrir ykkur innréttingu, farþegum, áfangastað o.fl.

AÐRAR BÆKUR SEM GÆTI VERIÐ GAMAN AÐ LESA:

Da Mumbo Jumbo blev kæmpestor. Höfundur texta og mynda: Jakob Martin Strid
Koira nimeltään Kissa. Höfundur texta: Tomi Kontio. Höfundur mynda: Elina Warsta
Arvedávgeriikii. Höfundur texta: Mary Ailonieida Sombán Mari. Höfundur mynda: Sissel Horndal

MÁLAMOLI

"Ferðalag"

sænska

Resa

danska

Rejse

norska

Reise

íslenska

Ferðalag

færeyska

Ferð

grænlandska

Angalaneq

finnsk

Matka

norðursamíska

Mátki



Fylgið Norræna bókagleypinum á Instagram til að fá hugmyndir að bókum sem væri gaman að lesa:
[@nordiskabokslukaren!](https://www.instagram.com/nordiskabokslukaren/)